

Samfélagsgreinar 2. bekkur

Kennarar: Elín Gísladóttir; Elín Jórunn Baldvinsdóttir; Helga Lóreyey Thoroddsen; Karitas Sumati Árnadóttir

2

Lýsing

Samfélagsgreinar leggja grunn að sjálfsþekkingu og félagsvitund nemenda. Trúarbrögð og siðfræði, lýðræði og mannréttindi í fortíð, nútíð og framtíð, heimurinn og sjálfbærni eru meðal viðfangsefna samfélagsgreina. Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar eru sett fram í sex flokkum: Vinnulag samfélagsgreina (gegnumgangandi í öllu námi og kennslu), Sjálfsmynd, Siðferði og trú, Borgaravitund, Saga og Jörðin okkar. Flokkarnir tengjast hver öðrum sem og öðrum námsgreinum.

Tímabil

Skólaárið 2024-2025.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir samfélagsgreinar 2. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlístuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfunði að hausti (sbr.: *Námsskygning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikúáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 4 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námshættir og viðfangsefni í samfélagsgreinum taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námshættir og viðfangsefni í samfélagsgreinum 2. bekkja á skólaárinu eru þessi:

- Byrjendalæsi - þverfaglegur orðaforði, lestrarátök
- samstarfsverkefni heimila og skóla: "Litla ferðataskan" (staður á Íslandi)
- kortagerð: Ísland
- þema- og samþættingaverkefni - húsdýrin, goðafræði, ævintýri, dagatal, afmæli, árstíðirnar, trúarbrögð
- samskipti og tilfinningar
- Barnasáttmálinn
- bekkjarfundir
- vettvangsferðir

Kennsluáðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluáðferðir, vinnulag) í samfélagsgreinum 2. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *fjölbreytta kennsluhætti* innan allra árganga og námsgreina til að styrkja samfélagsgreinar, m.a.: markvissar innlagnir kennara, lestur og umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, bekkjarfundir, útikennslu, kannanir, próf og heimavinnu.

Samfélagsgreinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnni hátt og fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju, virðingu og þýðingu þeirra fyrir velferð og farsælt líf einstaklinga og samfélaga. Samfélagsgreinum er ætlað að flétta saman þekkingu, færni og tilfinningum sem byggjast á upplifun og sköpun nemandans.

Menntagildi samfélagsgreina felst í að þroska félagsfærni og styrkja jákvæða sjálfsmynd nemenda. Fjölmörg hæfniviðmið samfélagsgreina eiga

við grunnþættir menntunar og teljast því til lykilhæfni.

Með umræðu- og spurnaraðferðum og rökræðum er gagnrýn hugsun nemenda eflað. Í hópvinnu (sbr. söguaðferð, þemanám, landnámsaðferð) læra nemendur um samvinnu og samkennd ásamt því að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust. Leitaraðferðir (s.s. vettvangsferðir, skólasafnið o.fl.) skipa drjúgan sess í námi og kennslu samfélagsgreina á yngra stigi í Melaskóla.

Á yngsta stigi er lögð áhersla á þemanám í samfélagsgreinum. Námið er samþætt við íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, list-og verkgreinar og unnið er með heildstæð verkefni.

Í 2. bekk er áhersla á að nemandinn geti:

- bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og virt reglur í samskiptum
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform

Lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, vaxandi hugarfar og samvinnu heimila og skóla. Þar sem því er komið við er farið í vettvangsferðir (sbr. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn) og áhugaverðir staðir, stofnanir og söfn heimsótt.

Áherslan í samfélagsgreinum 2. bekkja er á þemanám og samþættingu námsgreina. Unnið er með heildstæð verkefni eins og "Litla ferðataskan" (staður á Íslandi), unnið með Barnasáttmálann, þemu um: goðafræði, ævintýri, trúarbrögðin okkar, árstíðirnar og húsdýrin okkar (bókasafnsvinna og tónmennt). Þá er reglulegir bekkjarfundir (rætt um: bekkjarsáttmála, reglur, samskipti, vináttu, tilfinningar, líðan, seiglu, kvíða), farið í inni og útileikir og vettvangsferðir.

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kafla 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja náms hæfni, náms hvet og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í samfélagsgreinum 2. bekkja byggir á fjölbreyttu *hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: munnlegri endurgjöf - símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum - könnunum-skimunum (stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Fjölmörg *matsverkefni* í samfélagsgreinum eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunnum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í samfélagsgreinum 2. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyrum að þessum markmiðum.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Vinnulag samfélagsgreina

- Geta rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
- Geta aflað sér upplýsinga um samfélagið úr völdum textum, hljóð- og myndefni og sagt frá efninu.
- Geta sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Sjálfsmynd

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Geti áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.
- Geta áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis.
- Geta gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.
- Geta áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Siðferði og trú

- Geta áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Borgaravitund

- Geta sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra.
- Geta rætt um réttindi og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Geti áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.
- Geta sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Saga

- Geta nefnt dæmi um sögu og einkenni Íslands.
- Geta átta sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.

- Geta uppgvötvað og nefnt dæmi um einkenni og sögu heimabyggðar.



Tónlist og tíminn - nemendabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Tonlist_og_timinn/)



Halló heimur 1 - nemendabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_1/)



Halló heimur 1 - verkefnabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_1_vb/)



Trúarbrögðin okkar

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/truarbrogdin_okkar/)



Íslensku húsdýrin

Vefur

(<https://www1.mms.is/husdyr/>)



Fuglavefurinn

Vefur

(<https://fuglavefur.is/>)



Halló heimur 2 - nemendabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_2/)



Halló heimur 2 - verkefnabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_2_vb/)



Milli himins og jarðar – Tunglið

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/tunglid/>)



Milli himins og jarðar - Ánamaðkar

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/anamadkar/>)



Komdu og skoðaðu umhverfið

Rafbók

(<https://www1.mms.is/rafbok/umhverfid.html>)



Bókin um Tíslu

Vefur

(<https://vefir.mms.is/tisla/index.html>)



Barnasáttmálinn

Vefur

(<https://www.barnasattmali.is/>)



Byrjendalæsi

Vefur

(<https://sites.google.com/view/byrjendalaes/fors%C3%AD%C3%B0a>)



Spor 2

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/spor_2/)



Komdu og skoðaðu land og þjóð

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/koslandogthjod/>)



Jólavefur

Vefur

(<https://vefir.mms.is/jolavefur/>)



Aðgát í umferðinni

Námsbók



Helgi skoðar heiminn

Námsbók